TILBOÐ



LÍTILL GULUR
TILBOÐ 89,-
áður 99,-

Júmbó Samlokur
TILBOÐ 149,-
áður 210,-

PRINCE POLO
MIÐSTÆRÐ
TILBOÐ 45,-
áður 60,-

Fazer
KONFEKT 3 TEGUNDIR
TILBOÐ 369,-
áður 490,-

CARAMEL WAVE
SÚKKULAÐI
TILBOÐ 35,-
áður 55,-

BÓNUSVIDEO
Leigan í þínu hverfi

Sunnudagur 11. apríl

klúbbar

Hjartsláttur er með mikla veislugleði á **Thomsen**. Hinn heimsfrægi **dj. Die** leiðir kvöldið í föruneyti **Khans, Skitz, mc. Rhetts** og **Tríói Alfreds More**. *Þetta er örugglega merkilegasti tónlistarviðburður ársins.*

krár

Blátt áfram ætlar að gefa gestum kost á list sinni inni á **Kaffi Reykjavík**.

Bítlarnir eru hreint glettilega hressir sveinar sem kunna á hljóðfæri. Þeir koma öll sunnudagskvöld á **Glaumbar** og létta mönnum (og konum) lund. Þetta kvöld er engin undantekning.

Maggi Eiríks og **KK** á rólegu nótunum á **Gauknum**. „Í kirkjugörðum heimsins hvílir ómissandi fólk".



Siggi Björns lokar hringnum á **Fógetanum** í kvöld. **Roy Pascal** og **Keith Hopcroft** með í farteskinu.

Joshua Ell sáir súrsætum söknuði í hjörtu þeirra sem slæðast inn á **Café Óperu**.

Ómar Diðriksson og **Rúnar Guðmundsson** verða á **Kringlukránni**, sjálfum sér og öðrum til nokkurrar gleði.

klassík

Í **Hveragerðiskirkju** verður leikið á flautu og píanó klukkan 20.30. Það eru þau **Guðrún Birgisdóttir** og **Peter Máté** sem ætla að flytja sónötur eftir **Prokofiev** og **Hindemith**. Einnig verður **Ballaða** eftir **Martin** og **Ungverskt svíta** eftir **Bartok** á efnisskránni.

Karlakór Reykjavíkur verður í **Langholtskirkju** klukkan 17. Þetta eru aðrir tónleikar kórsins í vortónleikaröðinni þetta árið. Á efnisskránni eru verk eftir **Orff** og **Pál Ísólfsson**, auk hefðbundinna kórverka.

leikhús

Íslenski dansflokkurinn dansar þrjá dansa á stóra sviði **Borgarleikhússins** í kvöld, kl. 20. Fyrst Diving eftir **Rui Horta**, þá Flat Space Moving eftir sama höfund og loks Kæra Lóló eftir **Hlíf Svavarsdóttur**. Sími 568 8000.

Spunaverkið **Hnetan** verður sýnt í **Iðnó** kl. 20.30. Spuninn spinnst að mestu úti í geimnum og fjallar um leit fimm Íslendinga að plánetunni Hnetunni sem er byggileg mönnum. Árið er 2099 um borð í geimflaug og áhorfendur ráða því nokkuð hvert hún fer og í *hverju áhöfnin lendir. Leikstjóri er hinn sænski* **Martin Geijer** sem hefur staðið fyrir öllum þessum spuna sem heltekið hefur íslenska leikara undanfarin misseri. Leikarar eru **Gunnar Helgason og Hansson, Ingrid Jónsdóttir, Friðrik Friðriksson** og **Linda Ásgeirsdóttir**.

Abel Snorko býr einn, eftir **Eric Emmanuel Schmitt** hinn franska, verður flutt á litla sviði **Þjóðleikhússins** kl. 20. En það er uppselt. Sími 551 1200.

Brúðuheimili Henriks Ibsens verður á stóra sviði **Þjóðleikhússins** kl. 20. **Stefán Baldursson** leikhússtjóri leikstýrir, en **Elva Ósk Ólafsdóttir** brillerar sem Nóra – og fékk Menningarverðlaun DV að launum. Meðal annarra leikara eru **Baltasar Kormákur, Edda Heiðrún Backman** og **Pálmi Gestsson**. Sími 551 1200.



Leikfélag Reykjavíkur sýnir leikritið **Fegurðardrottningin frá Línakri**, eftir **Martin McDonagh**, á litla sviði Borgarleikhússins kl. 20.30 Þetta er kolsvört kómedía og að sjálfsögðu með harmrænum undirtóni. Það er metsöluleikstjórinn **María Sigurðardóttir** sem leikstýrir, en **Margrét Helga Jóhannsdóttir** og **Sigrún Edda Björnsdóttir** leika mæðgurnar. Síminn er 568 8000.

Maður í mislitum sokkum eftir **Arnmund Backman** er á Smíðaverkstæði **Þjóðleikhússins** kl. 20.30. Þessi farsi gengur og gengur. Enn eitt gangstykkið með „gömlu leikurunum" – að þessu sinni **Þóru Friðriksdóttur, Bessa Bjarnasyni** og **Guðrúnu Þ. Stephensen**. Síminn er 551 1200 fyrir þá sem vilja panta miða á sýningu einhvern tíma í framtíðinni.

fyrir börnin

Á stóra sviði **Þjóðleikhússins** verður **Bróðir minn Ljónshjarta** eftir **Astrid Lindgren** leikinn kl. 14. Ævintýri fyrir börn, endurupplifun fyrir fullorðna. Sími 551 1200.



Möguleikhúsið sýnir **Hafrúnu**, leikverk, unnið upp úr íslenskum þjóðsögum, kl. 14. **Vala Þórsdóttir** leikur en **Kristján Eldjárn** leikur á gítar. Þetta er allra síðasta sýning. Sími 562 5060.

Borgarleikhúsið: Pétur Pan er á stóra sviðinu kl. 14 og skemmtir þar ungum sem öldnum.

plötusnúðar



Gefa skít í öll Stefgjöld

Plötusnúðarnir **Marteinn Örn Óskarsson** og **Ómar Ómar Ágústsson** hafa verið að spila úti um allt land á undangengnum árum. Auk þess voru þeir með þátt á Skratsinu og eru örugglega þekktir af hip hoppurum í flestum framhaldsskólum landsins.

Þið eruð ekki með nein plötusnúðanöfn:

„Nei," segir Marteinn sem kallar sig að vísu Matta. „Ég hef aldrei verið fyrir einhver svona trend."

„Maður verður nú kannski að fara að finna upp á einhverju nafni," bætir Ómar Ómar við. Ómar þessi Ómar hefur undanfarið barist við Hagstofu Íslands til að fá að heita Ómar Ómar en ekki bara Ómar. Þessum beiðnum hans hefur hingað til verið synjað en Ómar Ómar ætlar ekki að gefast upp og íhugar jafnvel málsókn með þeim rökum að hann þekki einn gamlan mann sem heitir Jón Jón.

En þrátt fyrir baráttuna við forsjárhyggjuvaldið hafið þið náð að plana eitt stykki plötusnúðakeppni í kvöld:

„Já. Á Gauknum, klukkan átta í kvöld, keppa tíu plötusnúðar og einn þeirra mun síðan hrósa sigri þar. En það verða bara ein verðlaun og keppnin stendur til tíu. Ekkert aldurstakmark er í keppninni en nauðsynlegt verður að hafa skírteinin tilbúin klukkan tíu því þá hefst djammið," segir Matti og bætir því við að það séu engar keppnisreglur, einungis rammi sem felur í sér að keppendur mega bara spila í 6–7 mínútur og aðstoðarmaðurinn má alls ekki koma við plötuspilarann.

Og þið eruð með einhverja merkilega dómara:

„**Frikki**, sem vann í fyrra og kallar sig Dj-Fingerprint, dæmir ásamt **Huw** og **Cam** en þeir koma fram saman undir heitinu Beyond There," segir Matti og stafar þessi flóknu nöfn öllsömul svo þau komist til skila í prentun.

„Þeir munu líka allir koma fram í kvöld," segir Ómar Ómar og bætir því við að Matti og Stymmi ætli líka að þeyta skífur. Stymmi er upprennandi plötusnúður frá Akureyri og talinn virkilega efnilegur.

En hvaða útlendingar eru þetta?

„Þetta eru ótrúlega færir plötusnúðar. Þeir voru á Return of the Dj Volume 2 og Black Whole Style. En það eru diskar sem allir hip hopparar kannast við. Svo eru þessir gæjar búnir að vera að prúdúsera fullt sjálfir og spila í einum besta hip hopp klúbbnum úti, The Brix."

myndlist

opnanir

Þeir svallbræður og Sunnlendingar, **Birgir Andrésson** og **Ólafur Lárusson**, opna sýningu í **Listasafni Árnesinga** á laugardaginn og stendur hún til 2. maí. Opið frá fimmtudegi til sunnudags frá kl. 2–5. Aðgangur ókeypis.

Átta myndlistarmenn frá Glasgow opna sýningu í **Nýlistasafninu** á laugardaginn. Yfirskriftin er **„If I Ruled the World"** og sýnendur eru **Claire Barclay, Roddy Buchanan, Martin Boyce, Ross Sinclair, Bryndís Snæbjörnsdóttir, Simon Starling, Rose Thomas** og **Clara Ursitti.** Þetta er fyrsti áfanginn í sýningaröð sem Centre for Contemporary Arts í Glasgow stendur fyrir á þessum listamönnum. Næstu áfangar verða í Stavanger, Bergen og Montreal. Sýningaröðinni lýkur síðan í Glasgow árið 2000.

aðrar sýningar

Hafnarborg, menningarmiðstöð Hafnarfjarðar. Þar er sýning **Björns Birnis, Hlífar Ásgrímsdóttur** og **Kristínar Geirsdóttur** og kallast hún **Tabula non rasa** (ekki auður strigi). Öll sýna þau olíumálverk á striga eins og yfirskriftin gefur til kynna.

Fjórar sýningar eru í **Listasafni Íslands.** Í **sal 1** er sýning á verkum fjögurra frumherja í íslenskri málaralist: **Þórarins B. Þorlákssonar, Ásgríms Jónssonar, Jóhannesar Kjarvals** og **Jóns Stefánssonar**. Í **sal 2** hafa listfræðingar safnsins valið saman verk þeirra málara sem *innleiddu hugmyndir módernismans í íslenska* myndlist. Sökudólgarnir eru **Gunnlaugur Scheving, Jóhann Briem, Jón Engilberts, Snorri Arinbjarnar, Nína Tryggvadóttir** og **Þorvaldur Skúlason.** Í **sal 3** er sýning á **gvassmyndum** þýska myndlistarmannsins **Sigmars Polkes** og kallast sýningin **Tónlist af óræðum uppruna**. Fjórða sýningin er á **ljósmyndum Janietu Eyre**.

Norræna húsið. Cap au Nørd er samsýning **18 myndasöguhöfunda** frá Norðurlöndunum, sem fyrst var sett upp á myndasögumessunni miklu í Angoulême í Frakklandi og hefur síðan ferðast um Norðurlöndin. Í anddyri er sýning á myndasögum í dagblöðum.

Á **Mokka** sýnir **Ilmur María Stefánsdóttir lágmyndir** og **þrívíðar veggmyndir,** þar sem **starfssemi** mannslíkamans er viðfangsefnið.



Í **Gerðubergi** er samsýning á verkum sex myndlistarmanna á aldrinum 76 til 92 ára. Þarna er samankomið landslið Íslands í næfisma: **Þórður G. Valdimarsson** (alias Kíkó Korriró), **Sigurður Einarsson, Svava Skúladóttir, Hjörtur Guðmundsson** og systurnar **Guðrún** og **Sigurlaug Jónasdætur**. Í verkum þeirra má sjá allt það sem prýða má næfisk verk: óheft ímyndunarafl, fallegar náttúrulýsingar og mikla frásagnargleði.

Magnús Kjartansson sýnir í **Galleríi Sævars Karls**. Sýningin ber yfirskriftina **Col Tempo**, sem útleggst Með tímanum, og er kveikja þessara verka Magnúsar Col Tempo, hið fimm hundruð ára gamla meistaraverk feneyska málarans Giorgione.

Tengdasonur Íslands, hönnunarsnillingurinn **Michael Young**, heldur sýningu á **hönnun** sinni og félaga sinna, **Jaspers Morrisons** og **Marcs Newsons** (sem eru ekkert síður klárir og heimsfrægir), á **Kjarvalsstöðum**. Á sama stað er **Spessi** með **ljósmyndir** sem hann hefur tekið af bensínstöðvum hringinn í kringum landið. **Kjarval** er svo á sínum stað.

Steingrímur Eyfjörð Kristmundsson sýnir *Grýlu sína í* **Þjóðarbókhlöðunni** *á laugardag.*

Ragnhildur Stefánsdóttir verður næstu vikur gestur **Ásmundarsafns** við **Sigtún**. Hún sýnir verk sem hún hefur unnið í tengslum við verk Ásmundar. Sýningu sína í Ásmundarsafni kallar Ragnhildur **Form skynjana**.

Íslensk grafík er með afmælissýningu sína í **Gerðarsafni** í Kópavogi. Þar gefur að líta afrakstur félagsmanna undanfarið ár – allt það besta (og versta) í íslenskri grafík.

Valgarður Gunnarsson leggur undir sig stærstan hluta **Ásmundarsalar Listasafns ASÍ** og sýnir þar **olíumálverk.** Í hjáleigunni – **arinstofunni** – eru verk eftir meistara **Svavar Guðnason**.

Grétar Reynisson er með sýningu í **Galleríi Ingólfsstræti 8**. Sýningin ber nafnið **1998** og eru öll verkin unnin síðustu viku þess árs og fyrstu viku yfirstandandi árs. Séð frá götunni minnir sýningin nokkuð á útstillingu í flísabúð og ætti það að laða húsbyggingarliðið að. Sýningin er opin fimmtudaga til sunnudaga, kl. 14–18.



Daði Guðbjörnsson sýnir í sjoppunni sem aldrei er opin, í **Regnboganum** við Hverfisgötu. Þar sýnir hann **olíumálverk**. Hann kann ekki annað, hann Daði – en að mála.

Guðbjörg Hákonardóttir, Gugga, sýnir í **Galleríi Hornsins**. *Sýninguna vill* hún kalla **Grænar grundir**. Hún er opin alla daga kl. 11–24.

Karl Jóhann Jónsson sýnir í **Sparisjóðnum, Garðatorgi 1, Garðabæ**. Sýninguna kallar hann **Bankastemmu** og vísar þar til portretta af fólki sem allt eins gæti verið viðskipavinir sparisjóðsins að borga reikninga.



Þrjár sýningar eru í **Listagilinu á Akureyri**. **Gunnar Kr. Jónasson** er með einkasýningu, en þeir **Aðalsteinn Svanur Sigfússon** og **Erlingur Jón Valgarðsson** skjóta verkum sínum saman á einni sýningu.

Freyja Önundardóttir sýnir **fossmyndir** í **Listakoti** við Laugaveginn.

Kristján Jón Guðnason sýnir í **Stöðlakoti**. Sýninguna kallar hann **Tóna.**

Gabríela Friðriksdóttir hefur flutt verk sín til **Eyja** og sýnir þau á **Myndlistarvori Íslandsbanka 1999**.

Samsýning níu myndlistarmanna hangir uppi á **Grand Rokk**.

Ólöf Helga Guðmundsdóttir er með sýningu í **nemendagalleríinu Nema hvað!** á Skólavörðustíg 22c. Þar sýnir hún **þrívíð verk** af ýmsu tagi. Sýningin er opin virka daga frá kl. 15 til 18 og kl. 14 til 18 um helgar.

Fjöllistamaðurinn Friðrikur er með **myndljóðasýninguna „Mín ljóssælna vís"** í **Listhúsi Ófeigs** á Skólavörðustíg 5. Myndverkaskáldskapur hópsins er uppistaða sýningarinnar. Sýningin er opin á verslunartíma.

Garún, alias **Guðrún Þórisdóttir**, heldur **málverkasýningu** í **Bílum & list**.

Gerður Guðmundsdóttir textíllistakona er með sýningu í **Galleríi Svartfugli** á **Akureyri**. Þar sýnir hún 27 verk sem öll eru unnin á þessu ári. Á verkunum, sem eru **silkiþrykkt, saumuð út** og **máluð**, má sjá litríka fugla, lífsglaða og gefna fyrir loftfimleika.